

Svandís Svavarsdóttir **matvælaráðherra**

Ólafsfjörður, Þórshöfn, Djúpivogur 18. júní 2022

Almenn sátt er meðal strandveiðisjómana með 48 daga kerfið ef tryggt er að veiðarnar standi yfir í fulla fjóra mánuði, 12 daga í hverjum. Nú er ljóst að ætlaðar veiðiheimildir, 10 000 tonn af þorski, 1 000 tonn af ufsa og 100 tonn af karfa, munu ekki nægja til að það gangi eftir.

Klárast potturinn, t.d eftir rúman mánuð, þá lýkur strandveiðum samtímis á öllum svæðum A, B, C og D.

Veiðikerfi takmarkað með 11 100 tonnum, á ekkert skylt við það 48 daga kerfi sem lagt var upp með þegar Alþingi í apríl 2018 samþykkti breytingar á kerfinu, m.a. til að auka öryggi innan þess.

Þar sem fiskgengd á veiðisvæðunum fjórum er mjög misjöfn á tímabilinu maí – ágúst, bitnar aðferðarfræðin harðast á svæði C. Þar er hálfgerð ördeyða í maí og júní, en í júlí og ágúst er genginn fiskur á miðin úti fyrir NA- og Austurlandi. Róðrar á fyrri hluta tímabilsins gefa því lítið í aðra hönd en litlu minna en önnur svæði uppskera í maí og júní á síðari hluta tímabilsins.

Að óbreyttu munu veiðar stöðvast um 20. júlí. Þá veiðist á umræddu svæði vænni fiskur sem skilar u.þ.b. þriðjung herra verði en á fyrri helmingi tímabils strandveiða.

Aðstæður sem hér hafa verið útskýrðar eru óboðlegar með öllu. Til að gæta jafnræðis milli veiðisvæða verður að tryggja strandveiðar í 48 daga út allt tímabilið.

Á öllum svæðunum eru brothættar byggðir. Þær eiga það sameiginlegt að vera háðar strandveiðum, treysta á þær og mega ekki við skerðingu á sókn rúmlega 650 báta sem veiðarnar stunda.

Meðan strandveiðar eru ekki tryggðar í 48 daga sjá menn sig í auknum mæli knúna til þess að færa báta sína frá sinni heimabyggð yfir á svæði A til þess að hafa í sig og á.

Hér með skorum við á yður hæstvurtur matvælaráðherra að tryggja strandveiðar til ágústloka þannig að jafnræðis sé gætt milli landshluta eins og markmiðið var með breytingum sem gerðar voru á veiðikerfinu í apríl 2018.

Með stuðningi allra svæðisfélaga LS

fh. stjórnar Fonts, Félags smábátæigenda á Austurlandi og Kletts

Halldór Stefánsson formaður Fonts, Þórshöfn
Guðlaugur Birgisson formaður FSA, Djúpavogi
Andri Viðar Víglundsson formaður Kletts, Ólafsfirði

